HÁSKÓLI ÍSLANDS

Umsóknarfrestur

í Rannsóknasjóð Háskóla Íslands

Umsóknarfrestur til Rannsóknasjóðs háskólans er til **20. október 2026**.

Hlutverk sjóðsins er að efla rannsóknastarfsemi Háskóla Íslands og geta fastir kennarar og sérfræðingar við háskólann (þ.e. prófessorar, dósentar, lektorar, rannsóknaprófessorar, rannsóknadósentar og rannsóknalektorar) sótt um fé úr sjóðnum til greiðslu kostnaðar við rannsóknir. **Aðjúnktstarf veitir ekki aðgang að verkefnasjóðnum.** Við mat á umsóknum er áhersla lögð á skýrleika, fræðileg gæði og fýsileika umsókna.

Rannsóknasjóður styrkir aðeins eitt verkefni frá hverjum aðalumsækjanda. Styrkþegum er bent á að skil á lokaskýrslu vegna síðasta styrkverkefnis er forsenda þess að geta hlotið styrk úr sjóðnum við komandi úthlutun. Ekki er lengur krafist árlegrar framvinduskýrslu.

Hægt er að sækja um styrk til allt að þriggja ára í senn, sjá nánar í „Markmið verkefnastyrkja Rannsóknasjóðs“. Miðað er við að styrkþegar sem hljóta 2-3 ára styrki sæki ekki um nýtt verkefni fyrr en í lok styrktímabilsins.

Gætið þess að veita ótvíræð og tæmandi svör við öllum liðum umsóknarblaðsins. Ófullnægjandi umsóknir hljóta ekki afgreiðslu.

Umsóknareyðublað má nálgast hér (ath. það þarf að búa til notendareikning á Researchweb til að senda inn umsókn í fyrsta skipti).

Reglur sjóðsins og aðrar upplýsingar um sjóðinn er að finna á vef Rannsóknasjóðs. Frekari upplýsingar eru veittar á skrifstofu Vísinda- og nýsköpunarsviðs í Aðalbyggingu, (rannsoknasjodir@hi.is).